



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 22 — DES. '81



Útgefandi **ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN**, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 1. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon
s. 22229

Gjaldkeri: Halldór Guðmundsson,
s. 86090

Ritari: Magnús Guðmundsson,
s. 30214

Varaformaður: Torfi Hjaltason,
s. 24726

Meðstjórn: Einar Steingrímsson,
s. 16346

Vilborg Hannesdóttir,
s. 40684

Ferðanefnd: Guðjón Ó. Magnússon
Torfi Hjaltason
Pétur Ásbjörnsson,
s. 41428

Húsnefnd: Vilborg Hannesdóttir
Róbert Tómasson,
s. 36588

Ragnar Jóhannsson,
s. 84263
Þórunn Bjarnadóttir,
s. 73525

Ritnefnd:

Ábyrgðarmaður: Magnús Guðmundsson

Aðrir í ritnefnd: Sighvatur Blöndahl,
s. 32789, v. 10100

Snævarr Guðmundsson,
s. 85070

Ólafur Baldursson
s. 13708

Olgeir Sigmarsson,
s. 26793

Fræðslunefnd:

Torfi Hjaltason

Helgi Benediktsson

Einar Hrafnkell Haraldsson

Efni í blaðinu

Frá stjórninni	3
Félagsstarfið	4
Fréttapistill	7
Leiðarvísir ÍSALP – nr. 16 Tindurinn	8
Bernina Alparnir	12
Myndaopna	16
Aflfræði trygginga	18
Fjallamaráðun LHS og Skátabúðarinnar	24
Fræðigreinar í ÍSALP	26
Á hringferð um landið – í Skaftafelli ásamt þrjóskum	28
Ferðir og fundir ÍSALP	30

Forsíðumyndin: Ísklifur í Gígjökli. Ljóm.
Hreinn Magnússon, 1978. Þessi mynd vann verð-
laun sem besta ísklifurmyndin í myndasam-
keppni bandaríska tímaritsins Climbing árið
1980.

Setning: Prentstofan Blik
Offsetvinna: Repró
Prentun: Formprint

Frá stjórninni

Á næsta ári á ÍSALP 5 ára afmæli. Á þessum 5 árum hefur klúbburinn skapað sér traustan sess í útivistarmálum hérlandis. Fjöldi meðlima eykst ár frá ári sem sýnir að áhugi á fjallamennsku hefur aukist, og á ÍSALP tvímælalaust sinn þátt í því. En þó svo að ÍSALP sé búið að skapa sér nafn, verður stöðugt að viðhalda því nafni, og það verður aðeins gert með því að halda félagslífinu öflugt og líflegt. Þegar ég gekk í félagið árið 1979 var þetta ansi framandi og spennandi, og á það sjálfsagt við um alla þegar þeir byrja. Það er öruggt mál, að þegar menn hafa á annað borð verið bitnir af fjallabakteríunni þá er hver mínúta sem eytt er á fjöllum jafn spennandi og sú fyrsta. Þannig á klúbbstarfið einnig að vera. Mér finnst bera svoltið á því að þegar fólk hefur verið meðlimir í 2–3 ár þá dettur það út úr klúbbstarfinu. Þetta sést best á því að í spjaldskránni er fullt af stofnfélögum sem ég hef aldrei séð. Hér særi ég eldri félaga fram úr skúmaskotunum, því ÍSALP þarf á reynslu þeirra að halda. Reynslu sem þeir geta miðlað til nýrra félaga. Hvað klúbbstarfið varðar þá er það gefið mál að stjórn og nefndir geta ekki endalaust komið fram með ferskar hugmyndir. Bláðið, húsin og síðast en ekki síst umræðufundirnir eiga að vera vettvangur slíkra hugmynda.

Nú er vetur genginn í garð og skálasmiðin stærsta verkefni klúbbsins til þessa að komast í gang. Með tveim ferðum er farnar voru í september má heita að grunnur skálans sé tilbúinn. Hvað sjálfan skálann varðar, er búið að finna húsnæði til að smíða hann í, sem er nýbyggður bílskúr í Garðabænum í eigu Sturlu Jónssonar. Búið er að kaupa megnið af efninu í hann, og er því lítið því til fyrirstöðu að byrja á verkinu. Smíðir munu hafa umsjón með því en þess má geta að allt

verkið verður unnið í sjálfbodavinnu. Þar af leiðandi væri það vel þegið, félagi góður, að þú legðir hönd á plóginn svo að flytja megi skálann í Súlnadal í vetur.

Eins og menn vita þá veitir Ferðafélag Íslands 30.000 króna styrk til efniskaupa, sem nægir sennilega fyrir efninu í skálann. En þá er eftir stór kostnaðarliður, nefnilega flutningskostnaður. Flytja þarf skálann í heilu lagi með vörubíl úr bænum, því næst þarf að flytja hann með snjóbil í Súlnadal, en snjóbilar eru mjög bensínfrekir. Þess vegna beini ég nú talinu að árgjaldinu. Þegar þessi grein er skrifuð í lok nóvember hefur rétt rúmlega helmingur af tæplega 300 meðlimum greitt árgjald 1981, sem er 130 krónur. Búið er að senda út giróedla til þeirra er skulda enn árgjaldið og vonast ég til að menn bregðist vel við, því að árgjöldin eru aðaltekjulind klúbbsins. Það sýnir best hversu varlega hefur verið farið í fjármálin þetta árið að enn er fjármálahliðin í góðu lagi. Eitt er víst að með nægu fjármagni og nægu fólki er lítið mál að reisa skálann.

Þar sem félagar í ÍSALP nálgast þriðja hundraðið hefur stjórnin ákveðið að láta tölvuvæða félagaskrána, þ. e. hana má geyma á „diskettu“. Mun þetta hafa í för með sér mikinn vinnusparnað hjá ritnefnd og gjaldkera þar sem hægt verður að láta tölvu prenta út giróedla og límíða á blaðið, auk þess verður öll önnur vinna við félagaskrána auðveldari. En það er lítið gagn í því að hafa félagaskrá ef hún er ekki rétt. Því eru félagsmenn vinsamlegast beðnir um að tilkynna eins fljótt og unnt er um breytt heimilsföng.

Halldór Guðmundsson

Félagsstarfið

Vinnuferð í Tindfjöll

Fimmta til sjötta september var farin vinnuferð upp í Tindfjöll. Við lögðum af stað um níuleytið á laugardagsmorgni frá Grensásveginum á tveimur jeppum. Veður var gott, sólskin og tiltölulega stillt. Við vorum komnir í efsta skála um klukkan eitt eftir lýjandi akstur. Einhverjir höfðu hreiðrað um sig í skálanum en enginn var sjáanlegur. Við gátum því lítið aðhafst en brugðum á það ráð að ganga á Bláfell. Að einni stundu

liðinni komum við aftur niður í skála og hittum þar fyrir fólkið er gist hafði í skálanum nóttina áður. Við báðum það vinsamlega að færa sig um set því að hér þyrfti að mála gólf.

Eftir að ferðalangarnir voru farnir komum við okkur fyrir í skálanum og hófumst handa við að lagfæra ýmislegt. Á sunnudeginum tókum við hafurtask okkar saman, skröpuðum gólf og lökkuðum. Við notuðum tækifærið á meðan lakkið var að þorna og skunduðum upp á Haka og Saxa.



Í haust var farin vinnuferð til viðhalds skálanum í Tindafjöllum. Hér er aftur mynd frá byggingu skálans fyrir 36 árum. Ljós. Guðmundur Einarsson 1945.



Hugumstórir verkakarlar ÍSALP steðja glaðbeittir inn Súlnadal með hjólbörur og önnur stórvirk jarðvinnutól. Ljós. G. Ó. M., sept. 1981.

Er við komum niður reyndist lakkið jafn þurrt og kverkar okkar eftir gönguna. Þess vegna byrjuðum við þegar að mála og lukum því síðdegis. Þá var haldið heim á leið og komið í bæinn rúmlega átta. Skálinn bar þess greinilega merki að fimm kunnáttumenn og dugnaðarfólk höfðu tekið þar til hendinni.

Ó. B.

Vinnuferðir í Botnssúlur

Dagana 13. sept. og 29. sept. voru farnar 2 ferðir í Botnssúlur til að undirbúa grunninn fyrir væntanlegan skála félagsins. Í fyrri

ferðinni gengum við upp eftir og söfnuðum meira grjóti í undirstöðurnar og merktum hólinn sem skálinn kemur til með að standa á, með nokkrum stikum. Ætti nú að vera nægilegt grjót til staðar þegar gengið verður endanlega frá grunninum. Þátttakendur voru 7 og vorum við heppin með veður – sól og logn. Í seinni ferðinni fórum við upp að skálastæðinu með „pysu“ net og annað sem nota á í grunninn. Þessi pilsunet eru af sömu gerð og Vegagerðin notar í varnargarða (grjótpylsur) og henta því vel í grunninn. Þátttakendur voru 4 og aftur var veðrið gott, logn og léttskýjað.

G. Ó. M.

Myndasýning á Loftleiðum

Miðvikudaginn 14. október var haldið í ráðstefnusal Hótel's Loftleiða hið fyrsta af fyrirhuguðum myndakvöldum, þar sem boðið er upp á vandaðar myndasýningar. Þessar sýningar verða helgaðar tilteknu fjallasvæði eða einhverjum þætti fjallamennsku. Í þetta sinn voru teknar fyrir Austurbrúin Vatnajökuls. Helgi Benediktsson sýndi fjölda mynda úr sinni eigu og annarra, þ. á. m. loftmyndir sem voru mjög sniðugar. Áhorfendur voru um 60. Þessar sýningar verða á tveggja mánaða fresti, annan miðvikudaginn í mánuðinum. Eins og áður hefur verið getið getur ágóðinn af svona sýningum hjálpað okkur að bjóða þekktum erlendum fjallamönnum í heimsókn, en slíkar heimsóknir eru ómetanlegar.

H. G.



Frá námskeiðinu í Gígjökli. Ljós. Torfi Hjaltason, okt. 1981.

Ísklifurnámskeið

Dagana 17. og 18. okt., var haldið ísklifurnámskeið í Gígjökli. Geysifjölmennt var bæði á námskeiðinu sjálfu svo og voru ýmsir einstaklingar sem slógust í för með. Kennarar voru 5 talsins þeir Helgi Benediktsson, Pétur Ásbjörnsson, Arnór Guðbjartsson, Einar Steingrímsson og Umsjónarm. Torfi Hjaltason. Veður var ákaflega hagstætt, heiðskýrt en þó nokkur kuldi. Um nóttina var frostið það verulegt að sumum gekk illa að sofa. Kom upp sú hugmynd varðandi námskeið þarna innfrá framtíðinni, að gista í skála. Allt það verður tekið til gaumgæfulegrar athugunar.

T.H.

Rötunarnámskeið

Rötunarnámskeið ÍSALP var haldið dagana 9. og 20. nóvember. Þáttakendur voru 9. Fyrri kvöldið var farið yfir helstu grundvallaratriði korta og rötunar. Seinna kvöldið var farið í gönguferð skammt frá Reykjavík. Allir stóðu sig með ágætum bæði inni og úti. Leiðbeinandi var Einar Hrafnkell Haraldsson.

E.H.H.

Fréttapistill

Laugardaginn þann 29. ágúst var Hraundranginn milli Öxnadals og Hörgárdals klifinn í sjötta skipti. Voru þar að verki: Birkir Einarsson, Páll Sveinsson og Broddi Magnússon, allir frá Akureyri. Þeir lögðu upp frá Hörgárdal og klifruðu sömu leið og tveir síðustu hópar. Klifrið sjálft tók tvo tíma.

Sunnudaginn 22. nóvember síðastliðinn var Elífsdalsfossin klifinn af þeim Jóni Geirsyni og Snævarri Guðmyndssyni. Klifu þeir hann sóló en fossinn er 70–80 m hár. Meðalhallinn ca 55°. Má segja að leiðin skiptist í tvo hluta, fyrst íspil og síðan ísgil, sem í voru ísuð klettahöft. Aðstæður þennan dag reyndust sæmilegar, en snjófjúk var niður af brúninni og því talsverð snjóflóðahætta. Leið þessi er svipuð að erfiðleikum og Prengslin í Botnsúlum, eða III. gráða.



Nýja leiðin í Elífsdal liggur upp snjó/íslænuna til hægri fyrir miðri mynd. Myndin er tekin frá Elífstindi. Ljós. Guðmundur Pétursson, jan. 1980.

Leiðarvísir ÍSALP

Nr. 16: TINDURINN

Í tölublaðum ÍSALP nr. 10 og 11 birtist leiðarvísir um Tindfjallajökul og Tindfjöll. Þar voru m. a. teknar fyrir leiðir á Tindinn í Tindfjöllum. Mætti því ætla að nú sé aðeins verið að endurtaka það sem þar var sagt. Svo er þó ekki því að sá hluti leiðarvísisins sem fjallaði um Tindinn var gerður af nokkrum vanefnum vegna skorts á upplýsingum. Hefur því verið ákveðið að gera hér á bragarbót þar sem Tindurinn er mjög skemmtilegt viðfangsefni fyrir fjallamenn, sérstaklega að vetrarlagi.

Tindurinn er 1251 m hár og stendur framan til á fjallshrygg þeim sem gengur til suðausturs frá Tindfjallajökli og heitir einu nafni Tindfjöll. Annað nafn á Tindinum er Einbúi og er það líklega eldra. Mætti gjarnan gera Einbúa-nafninu hærra undir höfði en verið hefur. Tindurinn er gerður úr móbergi og stendur 40–50 m upp úr hryggnum. Er hann lóðréttur á alla kanta að sjá úr fjarlægð. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að í SA- og NV- hlíðum er að finna veikleika í vörnum Einbúans. Bergið er frekar laust og ótryggt og því ekki sérlega ákjósanlegt til klífurs. Að vetrarlagi eru aðstæður hins vegar aðrar og skemmtilegri.


Tindurinn var fyrst klifinn svo vitað sé í apríl 1943 af Guðmundi Einarssyni, Lydíu Pálsdóttur, Agnari Kofoed Hansen og nokkrum fleirum úr hópi Fjallamanna.

Um leiðir að Tindinum verður aðeins fjallað lítillega, aðeins lýst leið frá bænum Fljótsdal. Rétt er þó að mæla með leiðinni um hrygginn frá Hornklofa að Tindinum. Liggur hún mjög vel við ef haldið er til í


Efstaskála og ætlunin er að klífa NV-hlíð Tindsins. Nánar er fjallað um þessa leið og leið neðan Tindfjalla að Tindinum í ÍSALP nr. 11.

Leið að Tindi frá Fljótsdal

Skemmtileg vetrarleið. Hryggurinn upp að Tindinum gefur kost á mjög skemmtilegu sjónarhorni til Tindfjallanna.



Tindurinn séður frá Hornklofa. Ljós. G. Ó. M., júní 1977.



Leiðir að Tindinum — yfirlitskort.

Lóðrétt hækkun: 1100 m
Vegalengd: 10 km
Tími: 4–5 klst

Ef gengið er frá farfuglaheimilinu í Fljótsdal þarf að stikla Marðará en síðan er haldið inn í mynni gils þess er Þórólfsáin kemur úr. Yfir Þórólfsána eiga að vera plankar svo þar er hægt að komast þurrum fótum. Síðan skal farið upp hlíðina og norðan í Þórólfsfelli — fremur seinfarið. Þegar kemur inn fyrir Þórólfsfellið taka við mýrar og móar, heitir þar Blesumýri. Stefnt skal á hrygg sem gengur suður frá Tindinum og síðan farið upp eftir

honum alveg að Tindinum. Hryggurinn má teljast greiðfær.


Í góðum snjóskeyldum er hægt að fara fyrir Tindinn alveg upp við klettana að sunnan. Það verður að teljast klífurleið og varasöm við erfið snjóskeyldi.

Leiðir á Tindinn

Segja má að um tvær leiðir sé að velja, SA-hlíð og NV-hlíð. Raunar eru tveir möguleikar fyrir hendi í NV-hlíðinni. Að sumarlagi hefur aðeins SA-hlíðin verið klifin.



Leið á Tindinn að suðaustan.



Leið á Tindinn að norðvestan.

Nr. 1: Suðausturhlíð:

Hæð: 35–40 m

Gráða: sumar: II, vetur: II

Útbúnaður: ísskrúfur.

Sama leið er farin bæði sumar og vetur. Að sumri er helst að tryggja með lykkjum eða fleygum telji menn þörf á slíku. Hér miðast lýsingin við vetrarklifur.

Fyrst er klifið 2 m lóðrétt haft upp á fláa eða sillu 35–40° bratta. Farið upp eftir henni svo langt sem hún nær. Þá er farið upp ísaða kletta (4–5 m, 60–65°) og síðan upp rás sem nær því sem næst upp á topp.

Nr. 2: Norðvesturhlíð:

Hæð: 50–60 m

Gráða: II

Útbúnaður: ísskrúfur, snjóakkeri

Hér er um tvo möguleika að ræða. Leið sú sem fyrst var farin (Guðjón Ó. Magnússon, Jón Rafnsson 1979) liggur lengra til vinstri (nordar) í hlíðinni en hin. Þegar komið er að Tindinum norðanfrá er fyrst farið skáhallt til vinstri út í hlíðina (bratti rúml. 50°) og síðan upp íshaft (4 m, 70°) vinstra megin við klett sem klífur hana. Þar fyrir ofan er ca. 45° brött snjóbrekka en oftast er hengja við brúnina efst. Hinn möguleikinn er að fara hægra megin við klettinn. Í miklum snjóalögum a. m. k. er þar samfelldur snjór upp og er sú leið þá auðveldari og varla meira en I–I/II.

Magnús Guðmundsson



Klifin norðurhlíð Tindsins. Ljós. G. Ó. M., apríl 1979.

Bernina Alparnir

Í austasta hluta Sviss, við landamæri Ítalíu er lítill fjallaklasi, Bernina Alparnir. Fjöllin þarna eru yfirleitt ekki nafnkunn miðað við önnur fjöll í svissnesku Ölpunum en flest þeirra eru samt mjög áhugaverð með tilliti til klífurs því þau búa yfir mörgum skemmtilegum berg- eða ísklifurleiðum eða þá samblandi af hvoru tveggja. Einnig njóta Bernina Alparnir þess ágæta heiðurs að vera þeir minnst tröðkuðu af túristum í svissnesku Ölpunum. Hæsta fjallið þarna Piz Bernina (4049 m) er eina 4000 m fjallið í Ölpunum austan Bernese Oberland. Önnur hæstu fjöll þarna eru Piz Zupo (3995 m), Piz Scerscen (3971 m), Piz Roseg (3939 m) og Piz Palu (3905 m). Mörg þessara fjalla voru fyrst klifin af breskum fjallgöngumönnum á gullaldarárum alpinismans 1850–1880.

Í ágúst 1980, þegar ég og félagi minn, Þorsteinn Guðjónsson, vorum á ferðalagi á þessum slóðum, ákváðum við að klífa eitt fjall þarna, Piz Roseg. Ekki völdum við Roseg af algjöru handahófi, því við höfðum lesið í guide-bók okkar að engin leið á fjallið gæti talist mjög auðveld, flestar leiðirnar kröfðust a. m. k. ís- eða klettaklífurs. Við töldum okkur því sæmilega óhulta fyrir raðamenningunni sem einkennir allt of margar auðveldar leiðir á fjöll í Ölpunum.

Gönguna byrjuðum við í fjallaþorpinu Pontresina og ætlunin var að fara í skála í eigu svissneska Alpaklúbbsins, Tschierva hut (2573 m), og gista þar um nóttina. Skálinn er töluvert stór, hefur 100 svefnpláss, enda liggur hann vel við göngu á flest hæstu fjöllin þarna. Við lögðum af stað frá Pontresínu í mjög góðu veðri seinni part dags

(allt of seint) grandvaralausir fyrir því að þetta var föstudagur, en þá fyllast allir fjallaskálar í Ölpunum. Okkur til mikillar gremju þá sóttist ferðin seint. Sjálfsagt vorum við eitthvað þreyttir frá því daginn áður en þá hafði, þökk sé skipulagsgáfum okkar, 6 tíma lestarferð breyst í sólarhringsferð með óyndslegri næsturgistingu á steingólfinu í brautarstöðinni í Zürich, svefnpokalausir!

Ekki var skýjabakkinn sem læddist yfir fjöllin fljótlega eftir að við við hófum göngu til þess fallinn að minnka þirringinn. Og þegar við loksins komum upp í skálann var bæði komið myrkur og slydda. Hjá stressuðum skálaverði, sem talaði þýsku með sama hreim og indjáni talar færeysku, fengum við þær upplýsingar að skálinn væri yfirfullur og ekkert svefnpláss væri þar að fá. Og var nú farið að krauma í sumum.

Fyrir okkur, og nokkra aðra, var því ekkert annað að gera en að búa um okkur á veröndinni fyrir utan skálann. Þorsteinn hafði sýnt þá fyrirhyggju að koma með svefnpoka með sér og gat því skriðið ofan í hann. Ég hafði hins vegar skilið minn poka eftir í Pontresínu og varð því að dúða mig, vefja mig álteppi og troða mér síðan ofan í minn stóra bakpoka. Nóttin var vægast sagt napurleg og hvorugum okkar kom dúr á auga, bæði vegna rigningarinnar sem jókst eftir því sem leið á nóttina og þá ekki síður vegna þess að allir karlkynsskálagestir virtust hafa bundist samtökum um það að miga alltaf rétt við höfðalag okkar Porsa, alveg óháð því hversu oft við færðum okkur,



Piz Bernina, 4049 m, til vinstri. Piz Roseg, 3937 m, til hægri. Punktalínan sýnir leið þeirra félaga.

Um hálf fjögurleytið þegar flestir fóru á stjá var enn slydda og dumbungsveður. Þrátt fyrir þetta lögðu margir af stað á fjöll í þeirri von að úr veðrinu rættist. Við Þorsi sáum okkur hins vegar þann kost vænstan að skríða inn í skála og bíða næsta dags. Það var leiðindaveður allan þennan dag og flestir sneru því við af fjöllum og héldu niður og fækkaði því verulega í skálanum.

Nóttina eftir þegar við vöknudum klukkan hálf fjögur var enn suddarigning. Við ákváðum þó að reyna upp á von eða óvon enda orðnir naumir með tíma á ferðalagi okkar. Ekki voru það margir sem fylgdu ráði okkar og reyndar sáum við ekki fararsnið á neinum manni þegar við drösluðumst út í rigninguna um hálf fimmleytið.

Eftir um hálf tíma labb upp með Tschier-vaskriðjöklinum vorum við komnir þangað sem ráðlagt var að fara yfir hann. Jökullinn var talsvert sprunginn en reyndist auðveldur yfirferðar. Þegar yfir kom var farið að birta af degi og orðið léttara yfir, allavega var hætt að rigna. Næst fylgdum við fjallarananum Piz Umur uns við komum upp í lítinn flatan jökuldal girtan af Piz Scersen og hinum hrikalegu norðausturvegg Piz Roseg. Þarna var töluverður jafnfallinn snjór og uppgötvuðum við okkur til óblandinnar ánægju að himininn var skyndilega orðinn alheiður og sólin var um það bil að brjótast yfir fjöllin. Við vorum upptendraðir, er við ösluðum hneðjúpan snjóinn í dalnum, af þeirri frábæru og fágætu (í Ölpunum) tilfinningu að vera einir, umkringdir af fallegum fjöllum og troða okkar leið sjálfir. Satt best að segja vorum við búnir að fá nóg af fjölförnum snjótroðningum, vel merktum brúnum og gulum blettum, þarna í Ölpunum.

Þegar við höfðum gengið þvert yfir dalinn vorum við komnir að eiginlegum rótum fjallsins. Þar byrjaði erfiðasti hluti leiðar-

innar, en það var klettaklifur af klifurgráðu PD +/AD, upp á hrygg nefndan La Crasta. Þrátt fyrir að við hefðum nákvæma guide-bókarlýsingu á bestu leiðinni upp á hrygginn og gott ímyndunarafl, áttum við í miklum erfiðleikum með að heimfæra það sem fyrir augu bar upp á þá lýsingu. Á endanum gáfumst við upp, hentum bókinni í bakpokann og völdum okkar leið sjálfir. Klifrið gekk mjög vel, var frábærlega skemmtilegt og blessunarlega voru klettarnir þarna lausir við allt víradrasl til tryggingar og hjálpar fyrir klífendur. Þegar upp á hrygginn kom fylgdum við honum smá spöl þangað til við komum að klettanibbu sem við þurftum að þræða fyrir. Þetta var trúlega erfiðasta hindrunin því þarna voru mjög fáar hand- og fótfestur er maður mjakaði sér eftir um 70° hallandi klettavegg með 50 m þverhnípi fyrir neðan sig. Hinum megin við klettanibbuna tók við smá snjólæna upp á snjóhrygg sem lá alla leiðina upp á topp, um 350 m hækkun.

Göngufærið á hryggnum var töluvert erfið vegna hins mikla snævar sem kyngt hafði niður daginn áður, á nokkrum stöðum óðum við snjóinn upp í klof. Okkur sóttist því þessi hluti leiðarinnar frekar seint og komum á toppinn um klukkan hálf eitt, eftir 8 tíma ferð. Efst var hryggurinn svo mjór að við urðum að setjast klovvega á hann. Við sátum þarna stutta stund og nutum hins frábæra útsýnis og einverunnar. Einnig fylgdumst við aðeins með þremur mönnum sem við sáum grilla í á leið upp P. Scersen en þetta voru einu mannverurnar sem við urðum varir við allan daginn – örugglega einsdæmi í Ölpunum.

Ferðin niður gekk eins vel í fyrstu en rétt áður en við komum niður á La Crasta-hrygginn ætluðum við að gerast sniðugir og stytta okkur leið. Þetta var ekki í fyrsta

skipti, og sjálfsagt ekki í það síðasta sem við rákum okkur á þá staðreynd að stysta leiðin á kortinu er ekki endilega sú fljótfastasta, stundum er hún jafnvel mjög seinfarin. Hvað um það, sniðugheit okkar enduðu með mjög svo þreytandi labbi utan í hverri fjallshlíðinni með eitt-skref-upp-tvö-skref-niður-skriðu og síðan snjósundi eftir annarri. Niður í Tschiervaskálann komum við loksins um hálf sjö. Það var þambaður einn bjór en síðan haldið áfram niður í Pontresínu.

Kristinn Rúnarsson

Styrktaraðilar

Radíóbúðin

Skipholti 19, s. 29800

Formprent

Hverfisgötu 78, s. 25960



Úr Eilífsdal. Eilífstindur er litli nabbinn lengst til vinstri.



Skipstjórinn yfirgefur sökkvandi skip.

Aflfræði trygginga

Sjálfsgæta gera flestir sér grein fyrir til hvers tryggingar eru notaðar í klifri í klettum, ís og snjó. En þær eru til að auka öryggi fjallgöngumannsins. Í sinni víðustu skilgreiningu þá er tryggingarkeðjan allir hlekkirnir frá klifraranum sjálfum um klifurbelti, hnút í belti, lás, línu, festingar línu við jarðfastan hlut eða einhvern búnað, sem er notaður sem festa svo sem fleygur, hneta, ísskrúfa snjóankeri, ísöxi eða klifurfélagi svo eitt-hvað sé nefnt.

Tryggingar eru missterkar. Til að mynda má búast við að stórt jarðfast bjarg þoli meiri átök en fleygur, sem rekinn er í sprungu. Þetta mat á styrkleika festingar segir ekki allt um gæði tryggingar því tenging línu í festinguna getur haft jafn mikið að segja.

Fallorka


Hlutur, sem fellur fær hröðun frá aðdráttarkrafti jarðar. Hún veldur því að hraði hlutar

ins vex með fallvegalegd. Hlutur, sem fellur hefur orkuástand, fallorku, sem er háð massa og fallhraða. Þegar fall er stöðvað verða línan og tryggingarkeðjan að taka upp fallorkuna án þess að gefa sig.

Meðfylgjandi tafla sýnir falltíma, fallhraða og fallorku miðað við fallvegalegd.

Fallstuðull

Fallstuðullinn er hlutfallið á milli lengd falls og línu, sem hefur verið gefin út. Fallstuðullinn segir til um gráðu fallsins og ákveður álagið á tryggingarkeðjuna, þegar fall er stöðvað. Eftirfarandi dæmi eru til glöggvunar. Klifrari er kominn 10 m upp fyrir tryggingara sinn. Falli hann, þá getur hann fallið 20 m áður en strengist á línunni. Fallstuðullinn verður því $20\text{m}/10\text{m} = 2$. Þetta er hámarksgildi fallstuðulsins. Við þetta fall þarf hver meter af línu, sem hefur verið gefinn út að taka upp fallorku tveggja metra falls. Ef sá, sem fellur, er 80 kg og fallvegalegdin er 20




Nokkur dæmi um fallstuðull.

m þá er fallorkan $80\text{ kg} \times 20\text{ m} = 1600\text{ kgm}$ eða 160 kgm/m orka á hvern meter.

Ef klifrarinn hefði notað milli tryggingu hefði fallstuðullinn og fallkrafturinn orðið minni. Það leiðir af sér minna álag á línuna og tryggingarkeðjuna. Sem dæmi má nefna að hefði millitrygging verið sett 5 m ofan við tryggingarann hefði lengd fallsins orðið 10 m og fallstuðullinn $10\text{m}/10\text{m} = 1$. Hér þarf hver meter af línu að taka upp fallorku eins meters falls miðað við 2 metra áður. Fallorkan er hér minni eða 80 kgm/m línu.

Til þess að koma í veg fyrir að klifrarar hljóti meiðsli vegna krafta í falli, þá verður línan að vera það eftirgefanleg við fall að fallkrafturinn við fall fari ekki yfir ákveðin mörk. Þessi mörk eru 1200 kg í svokölluðu stöðluðu falli (sjá Ísalp nr. 6). Í því falli er fallstuðullinn 1,78. Fallkrafturinn (impact



Ferill 1) sýnir 5 m fall með fallstuðli 1,78. Ferill 2) sýnir 20 m fall með sama fallstuðli. Bæði föllin hafa sama fallkraft, 1000 kg en fallkrafturinn nær yfir lengri tíma í 2).

force) er hámarkskrafturinn, sem verður í línu, við fall. Fallkrafturinn er ekki háður fallvegalegdinni heldur er hann háður fallstuðlinum. Með öðrum orðum langt og stutt fall hafa sama fallstuðul. Hins vegar varir

Hraði og orka í falli

Lengd falls m	Falltími Sek.	Hraði í lok falls km/klst.	Fallorka fyrir 80 kg fallandi hlut m/kg
1	0,45	16	80
2	0,64	22	160
5	1,01	36	400
10	1,42	50	800
20	2,02	71	1600
40	2,85	100	3200

fallkrafturinn í lengri tíma í löngu falli en stuttu. Það hefur því meira álag á tryggingarkeðjuna. Meðfylgjandi mynd sýnir það glögglega.

Ferill 1) sýnir hvernig krafturinn í fallinu er sem fall af tíma fyrir 5 m fall með fallstuðli 1,78 m. Ferill 2) sýnir það sama fyrir 20 m fall.


Tryggingar

Gera má greinarmun á stífri tryggingu og eftirgefanlegri tryggingu. Í stífri tryggingu er festa línunnar óeftirgefanleg. Þá er til dæmis endi línunnar festur í fleyg, sem gefur ekkert eftir við fall. Eftirgefanleg trygging er trygging, sem gefur eftir við fall. Þá er hluti línunnar gefinn út þegar átak kemur á hana.

Að jafnaði eru tryggingar bæði stífar og eftirgefanlegar. Má þar nefna klifrara, sem tryggir félaga sinn með því að bregða línunum aftur fyrir bakið. Við fall reynir tryggjarinn að halda þeim, sem fellur. Meðan krafturinn er lítill í upphafi fallsins getur tryggjarinn haldið stíft í línuna en þegar krafturinn vex þá dregst línán í gegnum greipar tryggjarans hvort sem hann vill eður ei.

Stíf trygging

Stíf trygging hefur mikið verið rannsökuð af UIAA. Út frá stífri tryggingu eru meðal annars ýmsar hönnunarforsendur línu fengnar. Þegar fall er stöðvað með stífri tryggingu má skipta fallinu í nokkra þætti, sjá mynd. Klifrarinn fellur fyrst frjálst fall. Hér verka engir kraftar á hann til að stöðva fallið. Í lok frjálsa fallsins hefur klifrarinn fallið fjarlægðina, sem 3) sýnir á myndinni, þá strengist línán og hún bremsar af fallið. Þar sem tryggjarinn gefur ekkert eftir af línunni þá er öll fallhreyfiorka klifrarans tekin upp af línunni. Fallorkan breytist í hita við




1) Frjáls lína. 2) Útgefin lína. 3) Lengd frjáls falls. 4) Lening vegna fallkrafts. 5) heildarlengd falls.

núning línunnar við bergið, í hnútum, línán lengist og tekur upp orku. Línán hitnar við þetta um nokkrar gráður. Sú orka sem línán tekur upp við lenginguna, skilar hún aftur með núningi með því sveifla klifrarann um upp og niður.

Eftirgefanleg trygging

Við eftirgefanlega tryggingu gefur tryggjarinn út línu við stöðvun fallsins. Kraftarnir, sem verka á tryggingarkeðjuna eru minni en við stíft fall. Af því leiðir að ekki er eins mikil hætta á að enda- og millitryggingar láti undan átökum. Fallkraftur verður minni. Hins vegar lengist fallvegalengdin og meiri hætta verður á meiðslum vegna þess. Eftirgefanleg trygging getur valdið meiðslum og bruna hjá tryggjaranum, þegar línán rennur um bak og hendur hans. Erfitt er fyrir tryggjarann að ákveða við fall hvort hann ætlar að beita stífri eða eftirgefanlegri tryggingu því fall tekur mjög stuttan tíma eða yfirleitt minni tíma en 2 sek. Ósjálfráð viðbrögð eru að tryggjarinn reynir að halda eins fast og hann getur.



1) Mesti fallkraftur, tvöfaldur þungi klifrara. 2) Hæð pendúlfalls.


Pendúlfall

Í hreinu pendúlfalli fellur klifrarinn úr sömu hæð og millitrygging, sjá mynd. A–F er ekkert frítt lóðrétt fall. Frá upphafi fallsins togar línán í klifrarann og ræður stefnu fallsins, sem myndar hluta úr hring með miðju í millitryggingunni. Hér er varla hægt að tala um eiginlegan fallkraft né heldur fallorku því fallkrafturinn er hér eingöngu háður þunga klifrarans og verður tvöföld þyngd hans. Þetta skýrir hvers vegna fleygar, sem virðast hafa litla festu halda vel í pendúlfalli. Pendúlfall er hins vegar varasamt vegna mikillar hættu á að rekast í klettavegginn.

Algengara er að fall sé sambland af lóðréttu falli og pendúlfalli. Þá er fallkrafturinn summa þessara tveggja þátta. Fallorkuna úr lóðréttu fallinu verður línán að taka. Það veldur frekar háum fallkrafti. En í pendúlfallinu fallsins breytist orkan í hreyfiorku.

Sig

Þegar sigið er, þá breytist hreyfiorka þess sem sigur í hitaorku, sem línán tekur upp.



Munter bragðið.


Lítill hluti af hitaorkunni fer í sigtólið sjálft. Núningsstuðull á milli línu og álsigáttu er mjög lágur. Það þýðir með öðrum orðum að lítil hitamyndun verður á milli línu og sigtóls. Orkuflutningurinn á milli hreyfiorku klifrarans og línunnar fer þannig fram að núningur inni í línunni á milli þráða og þráðabúnta myndar hitaorkuna. Línán hitnar ekki ýkja mikið á hverjum stað vegna þess hversu hitamyndunin dreifist um línuna þegar sigið er. Hins vegar hitnar sigtólið en það er vegna þess að núningsstuðullinn á milli línu og sigtóls er ekki hverfandi.

Þegar sigræða er stjórnað með því að færa línuna til hliðar í sigtólinu þá vex ekki aukið núningsviðnám línu við flikur sem vex, heldur er það aukin sveigja línunnar í sigtólinu sem veldur aukinni bremsu. Margföldunarstuðull átaks ofan og neðan við sigtólið getur til dæmis verið af stærðargráðunni 10–12 fyrir Munter bragðið, sem UIAA mælir með. (Mynd af Munter bragðinu Off Belay nr. 47 bls. 16).

Í tölum þarf 80 kg maður að beita um það bil 10 kg átaki ef hann sigur með Munter bragðinu.

Pegar línan hitnar til dæmis við siendur-
tekið sig þá minnkar hæfileiki hennar til að
taka upp hitaorku og sigmenn verða að beita
meiri krafti til að tempa hraðann við sigið.
Dæmi eru til að sigmenn hafi lent í vandræð-
um í sigi ef umhverfishiti er verulegur og
upphitun vegna sólskins er mikil.

Mynd þessi sýnir hvernig kraftar verka á milli-
tryggingu. Fallandi klifrari togar í línuna með
900 kg. krafti. Tryggjarinn togar í línuna með
sama krafti. Átakið á milli trygginga er því 1800
kg.



Styrkur fleyga og ísskrúfa

Nýlegur, haganlega staðsettur deigur stálfleygur	500–1000 kg. í lárétttri sprungu 200– 599 kg. í lóðrétttri sprungu
Nýlegur, haganlega harður stálfleygur	1000–2000 kg. í lárétttri sprungu 500–1000 kg. í lóðrétttri sprungu
Snúinn Salewa fleygur	1200–2400 kg.
Ísfleygur, hallar minna en 90°	200– 350 kg.
Spiral ísskrúfa, hallar minna en 45°	300– 700 kg.
Hol ísskrúfa, hallar minna en 45°	1000–1200 kg.

Millitryggingar

Veikasti og óáreiðanlegasti hluti tryggingar-
keðjunnar eru án efa millitryggingar. Oft
reynir meira á þær en margan grunar. Sem
dæmi má nefna klifrara, sem fellur. Á milli
hans og tryggjarans er ein millitrygging. Ef
millitryggingu er beint ofan við tryggjarann
og fallkrafturinn verður til dæmis 900 kg, þá
verður krafturinn á millitrygginguna um
tvöfalt meiri eða 1800 kg, því bæði klifrar-
inn og tryggjarinn toga í millitrygginguna
með 900 kg krafti. Til glöggvunar er hér birt
tafla um líklegan styrk fleyga og ísskrúfa við
tryggingar.

Af töflunni má sjá að fæstir fleygarnir
voru færir um að halda þessu falli. Þetta
leiðir hugann að styrkleika spotta og borða,
sem eru notaðir til að tengja fleyga og lása í
millitryggingum.

Talan, sem nefnd var í dæminu að framan
um fallkraftinn gæti verið dæmi um fallkraft
þar sem stífri tryggingu er beitt. Hins vegar
má minnka fallkraftinn með eftirgefánlegri
tryggingu. Þá verður fallkrafturinn heldur
minni. Hann gæti til dæmis orðið um 300 kg.
Þá væri átakið á millitrygginguna tvöfalt
meira eða um 600 kg.

Niðurlag

Hér að framan hefur verið getið ýmissa
þátta er koma við sögu í tryggingarkeðjunni.
Þessu efni hefur engan veginn verið gerð full
skil. Af miklum fróðleik er að taka. Mikil

þróun og örar breytingar eiga sér stað á
þessu sviði bæði vegna nýrra rannsókna og
nýrra efna í línunum og öðrum hlutum trygg-
ingarkeðjunnar. Skiptar skoðanir eru um
ýmis atriði og sýnist sitt í Evrópu en annað í
Bandaríkjunum.

Eitt af því erfiðasta, sem hendir klifrara,
er að stöðva alvarlegt fall forgöngumanns.
Ágætt er fyrir klifrara að æfa að stöðva fall
til þess að kynnast af eigin raun um hvaða
krafta er að ræða og hvaða tryggingarkerfi
henta best við þær aðstæður, sem eru hverju
sinni.

Fall forgöngumanns er það erfiðasta, sem
hendur tryggingarkeðjuna. Enginn hlekkur
hennar má breyta því ef það gerist þá getur
það haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir
alla, sem eru í línunni.

- Heimildir:
1. A Guide to Mountaineering Ropes, útg.
Edelrid
 2. Rit ÍSALP nr. 6.
 3. Off Belay nr. 23, júní 1977
 4. Die Anwendung Des Seiles, eftir Pit Schubert
 5. Moderne Felstechnik, eftir Pit Schubert
 6. Bergsteigen Heute, eftir Hermann Huber

Einar Hrafnkell Haraldsson

Fjallamarafon LHS og skátabúðarinnar

Dagana 19. – 20. september sl. fór fram hér á landi nýstárleg íþróttakeppni, sem óneitanlega vakti mikinn áhuga fjallamanna. Þetta var fjallamarafonkeppni Landssambands hjálparsveita skáta og Skátabúðarinnar, sem haldin var í tilefni 10 ára afmælis sambandsins. Til þátttöku var boðið öllum félögum björgunar- og hjálparsveita í landinu, og mættu 36 lið til keppni, en tveir menn skipa hvert lið.

Keppnin fór þannig fram, að liðin áttu að komast milli fyrirfram ákveðinna staða á sem skemmstum tíma, auk þess að leysa ákveðin verkefni á leiðinni. Hverjum kepp-

anda var gert skylt að vera með ákveðinn lágmarksbúnað, þannig að þeir sem með þyngst fóru, báru liðlega 16 kíló.

Keppnin hófst í Landmannalaugum, en keppendur voru ræstir af stað klukkan liðlega sex á laugardagsmorgni í leiðindaveðri, rigningu og litlu skyggni. Fyrri daginn skyldi ganga frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk með viðkomu á sex eftirlitsstöðvum, sem ýmist voru mannaðar eður ei.

Í fyrsta áfanga var gengið í Hrafninnsker. Þegar í þeim áfanga skáru tvö lið sig nokkuð úr. Það var annarsvegjar þeir Magnús Bárðarson og Andrés Bridde og hins



Keppendur við rásmarkið í Landmannalaugum, en þaðan var haldið á laugardagsmorgni klukkan liðlega sex. Ljósmynd Sighvatur Blöndahl.



Sigurvegararnir og þeir, sem veittu þeim mesta keppni, f. v. Magnús Bárðarson, Andrés Bridde, Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson á ferð milli Landmannalauga og Þórsmörkur í fyrri hluta keppninnar. Ljós. Sighvatur Blöndahl.


vegjar Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson, en allir eru þeir félagar í Hjálparsveit skáta í Reykjavík. Annars er vert að geta þess áður en lengra er haldið, að lið komu úr Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík, Hjálparsveit skáta í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, og úr sveitum Slysavarnafélagsins í Reykjavík, Seltjarnarnesi og frá Grundarfirði.

Þeir félagarnir, sem áður voru nefndir héldu forystu í keppninni allt til loka fyrri dags í Þórsmörk, en í Þórsmörk komu þeir eftir liðlega 11 klukkustunda göngu, eða kannski frekar að segja hlaup. Á þessum 11 klukkustundum höfðu þeir lagt að baki liðlega 60 kílómetra, þannig að hraðinn hefur verið mikill.

Það vakti athygli í keppninni hversu vel

tvö kvennalið stóðu sig í keppninni, en kvenfólkið keppti í sérflokki. Þær stöllurnar Vilborg Harðardóttir og Anna Lára skáru sig nokkuð úr og gáfu strákunum ekkert eftir. Þá má nefna þær Lindu Björndóttur og Rannveigu Andrésdóttur, sem einnig stóðu sig mjög vel. Þrjú kvennalið til viðbótar hófu keppni, en hættu henni af ýmsum orsökum á leiðinni.

Þegar upp var staðið í Þórsmörk hafði aðeins helmingur keppenda lokið keppni, eða 9 lið, 18 keppendur. Seinni daginn hafði verið ráðgert, að keppendur færu yfir Fimmvörðuháls niður að Skógum, en frá þeirri hugmynd var fallið og ákveðið að keppendur skyldu fara frá Básun sunnanvert í Þórsmörkinni og skyldi keppni ljúka þar.



Það kom fáum á óvart, þegar tilkynnt var í talstöðinni, að þeir félagar Andrés Bridde og Magnús Bárðarson hefðu komið fyrstir í skálana eftir um tveggja stunda hlaup. Það vakti hins vegar athygli, að engar fregnir bárust að þeim félögum Arnóri og Helga næstu mínútur. Síðar kom í ljós, að vegna slæmsku í fæti hafði Arnór orðið að snúa við og Helgi með honum. Keppnisliðin komu síðan hvert á fætur öðru upp á háls og þeir síðustu um klukkustund á eftir sigurvegurinum.

Verðlaunaafhending vegna keppinnar fór síðan fram á Skógum. Tryggvi Páll Friðriksson, formaður Landssambands hjálpar-sveita skáta afhenti sigurvegurinum bikar til varðveislu hjá viðkomandi björgunar-sveit. Þá fengu menn merki sambandsins og loks fengu sigurvegarar í karla- og kvenna-flokki ávísun á 3000 króna úttekt í skáta-

búðinni. Þeir sem urðu númer tvö fengu ávísun á 1500 króna úttekt í Skátabúðinni og merki sambandsins. Reyndar fengu allir keppendur brjóstnælu sambandsins til minja um þátttökuna í keppninni.

Sigurvegarar í karlaflokki urðu eins og áður sagði þeir Andrés og Magnús og þær Vilborg og Anna Lára í kvennaflokki. Í öðru sæti í karlaflokki urðu þeir Kjartan Ingason og Vigfús Guðmundsson, en í kvennaflokki þær Linda Björnsdóttir og Rannveig Andr-ésdóttir, en öll eru þau félagar í hjálpar-sveit skáta í Reykjavík eins og sigurvegararnir. Forráðamenn keppinnar sögðu, að stefnt væri að því að halda svona keppni árlega héðan í frá og þá yrði væntanlega um fleiri flokka að ræða. Almennungi yrði gefinn kostur á að vera með.

Sighvatur Blöndal

Fræðigreinar í ÍSALP

Frá upphafi útgáfu þessa tímarits Alpa-klúbbsins hefur verið lögð áhersla á það að birta efni fræðilegs eðlis með öðru efni, ferðasögum o. fl. Nú, þegar út eru komin 22

tölublöð af ÍSALP hafa alls birst í blaðinu 13 greinar sem ætlaðar eru til að fræða um tiltekinn flokk útbúnaðar eða annað það sem til fræðslu mætti verða. Hér kemur listi yfir þessar greinar:

1. ÍSALP Nr. 4, Ingvar Teitsson: Um fjallaveiki.
2. — Nr. 6, Guðmundur Ingi haraldsson: Af hæðarmælum.
3. — Nr. 6, Einar Hrafnkell Haraldsson: Fjallalínur.
4. — Nr. 7, Einar Hrafnkell Haraldsson: Snjóhús og skýli.
5. — Nr. 8, Guðjón Ó. Magnússon: Gönguskíði.
6. — Nr. 9, Guðjón Halldórsson: Fótabúnaður fyrir fjallamenn.
7. — Nr. 10, Einar Hrafnkell Haraldsson: Prímusar handa fjallamönnum.
8. — Nr. 13, Magnús Hallgrímsson: Snjóflóð og fjallaferðir.
9. — Nr. 16, Björn Vilhjálmsson: Um hnetur og stíl.
10. — Nr. 17, Ingvar Teitsson: Sólbruni, sólvernd.
11. — Nr. 20, Guðmundur Pétursson: Varnir gegn fjallaveiki.
12. — Nr. 20, Sighvatur Blöndahl: Þróun búnaðar.
13. — Nr. 22, Einar Hrafnkell Haraldsson: Aflfræði trygginga.


Á hringferð um landið Í Skaftafelli ásamt þrjóskum?

Þú lesandi góður slæst í för með mér á öðrum degi hringferðar minnar 21. júlí s. l. Ég er einn á ferð á mótorhjólí með allt mitt hafurtak aftan á. Mikill sandstormur var á Mýrdalssandi, en fyrir austan-Klaustur lægði mikið og naut ég þess, að keyra um sveitir Skaftafellssýslu í kvöldsólinni. Á Skeiðarárbrú stöðvaði ég hjólið og fylgdist með stórkostlegu sólarlagi, er sólin sendi geisla sína yfir Skeiðarárjökul og lýsti upp Örfajökul í öllu sínu veldi.

Ég var heppinn að ná tjaldstæði svona aðeins út af fyrir mig í Skaftafelli, því gífurlegur fjöldi ferðamanna var þar samankom-

inn, enda mesti annatíminn. Á þriðja degi var alveg frábært veður, stafalogn og glampandi sól. Ég lá fyrir utan tjaldið og naut þess, að þurfa ekki að hugsa eða gera neitt, aðeins slappa af, er ég heyrði þrúsk inni í tjaldi. Ég hentist á lappir, tilbúinn að verja eigur mínar með kjafti og klóm. Mér til mikillar furðu, var enginn að snúðra inni í tjaldinu eða fyrir utan það – þetta var með ólíkindum. Þá tók einn plastpokinn að láta illa. Mér varð svo hverft við, að ég hentist út um tjalddyrnar.

Það tók smátíma að telja í sig kjark og ná púlsinum niður úr 200. Á meðan gat ég velt möguleikunum fyrir mér. Hvers lags skepna




Greinarhöfundur hvílist örmagna eftir viðureignina við þröstinn.

gat þetta verið? Varla gat það verið hani, hundur, svín? Það reyndist vera skógarþröstur. Stóra Bóndabrauðið mitt hafði greinilega átt hug fulgsins allan, hann hafði troðið sér inn í pokann og „djammast“ þar fastur. Varð hann frelsinu feginn og fljótur að forða sér.

Lagðist ég nú fyrir aftur og slakaði vel á og var farinn að dotta, er ég heyrði þrúsk við hliðina á mér. Ég opnaði annað augað og við mér blasti skógarþröstur sá hinn sami, sem hafði valdið mér truflun áður. Hann stóð nokkra cm frá mér og hallaði undir flatt, eins og hann væri að kanna hvort ég væri sofandi. Ég lá sem dauður væri, og fylgdist með ein-eygður. Eftir að hafa fullvissað sig að ég væri sofandi, hoppaði hann aftur fyrir tjaldið – lúmskur mjög.

Um leið og hann var kominn í hvarf, læddist ég á tánum fram fyrir tjaldið og stóð kauða að verki, þar sem hann var að troða sér undir tjaldskörina. Nú var það honum, sem brá og tók við það heljarstökk aftur á bak. Ég rak upp rosahlátur en þagnaði fljótt, er mér varð litið í kringum mig og sá, að fólk í nálægum tjöldum starði með undrunarsvip á mig. Uppfrá þessu sömdum við frið, ég gaf honum brauð og fleira en hann hætti öllu ísaldrápi.

Hreinn Magnússon



Algallaður greinarhöfundur hallar sér upp að fararskjótanum. Í baksýn Lómagnúpur.

Ferðir og fundir ÍSALP

Opin hús og fundir eru jafnan í húsnæði ÍSALP að Grensásvegi 5 á miðvikudögum og hefjast kl. 20.30.

Miðvikudagur 6. janúar:
Opið hús.

Miðvikudagur 13. janúar:
Opið hús — Pétur Ásbjörnsson og Torfi Hjaltason sýna myndir úr Skotlandsferð. Rætt um ferðina á Kistufellshornið.

Sunnudagur 17. janúar:
Ferð á Kistufellshorn (1.-2. gráðu snjóklifur). Fararstjóri Vilborg Hannesdóttir.

Miðvikudaginn 20. janúar:
Opið hús.

Miðvikudagur 27. janúar.
Félagsfundur — rætt verður um starf félagsins, og væntanlegan aðalfund.

Miðvikudagur 3. febrúar.
Opið hús — Guðjón Ó. Magnússon segir frá sérhæfðum vetrarfjallaútbúnaði í máli og myndum.

Miðvikudagur 10. febrúar:
Aðalfundur — venjuleg aðalfundastörf. Rætt um Tindfjallaferð.

Laugardagur 13. — Sunnudagur 14. febrúar:
Ferð í Tindafjöll. — félagsvist. Takið spilin með. Fararstjóri: Ragnar Jóhannsson.

Miðvikudagur 17. febrúar:
Myndakvöld að Hótel Loftleiðum. Dagskrá auglýst síðar í félagslífi Mbl.

Miðvikudagur 24. febrúar:
Opið hús — rætt um Skarðsheiðarferð.

Sunnudagur 28. febrúar:
Ferð á Skarðsheiði. Í þessari ferð mætti hugsa sér að skiða eftir Skarðsheiðinni endilangri eða fara í „létt“ snjó- og/eða ísklifur norðanmegin. Fararstjóri: Róbert Lee Tómasson.

Miðvikudagur 3. mars:
Opið hús — skráning á vetrarfjallamennskunámskeið. Torfi Hjaltason sýnir myndir úr vetrarferðum.

Mánudagur 8. mars:
Undirbúningsfundur fyrir vetrarfjallamennskunámskeið.

Miðvikudagur 10. mars:
Opið hús.

Föstudagur 12. mars.
Undirbúningsfundur fyrir vetrarfjallamennskunámskeið.

Laugardagur 13. — Sunnudagur 14. mars.
Vetrarfjallamennskunámskeið í nágrenni Reykjavíkur. Þáttakendum verður m. a. leiðbeint um notkun ísaxa, beitingu mannbrodda og leiðarval í fjallendi m. t. t. snjóflóða. Sofið í snjóhúsi. Fjöldi takmarkaður

við 16. Þáttökugjald kr. 200. Umsjónarmaður: Torfi Hjaltason.

Miðvikudagur 17. mars:
Opið hús — Hreinn Magnússon sýnir myndir úr hringferð síðastliðið sumar ásamt myndum úr öðrum ferðum.

Miðvikudagur 24. mars:
Opið hús — rætt um Botnssúlanaferð.

Laugardagur 27. — Sunnudagur 28. mars:
Ferð á Botnssúlur — ekki vinnuferð. Fararstjóri: Magnús Guðmundsson.

Miðvikudagur 31. mars:
Opið hús — Halldór Guðmundsson sýnir fjalla- og jökla myndir.

Miðvikudagur 7. apríl:
Opið hús.

Miðvikudagur 14. apríl:
Opið hús — skráning í Suðurjöklaferð. Guðjón Ó. Magnússon sýnir myndir úr ferðum á

Suðurjökla. (Eyjafjalla-, Mýrdals- og Tindfjallajökul).

Miðvikudagur 21. apríl:
Opið hús.

Fimmtudagur 22. — Sunnudagur 25. apríl:
Skídagönguferð um Suðurjökla: Stóra-Mörk — Hámundur — Fimmvörðuháls — Entuköllur — Emstrur — Tindfjöll — Fljótsdalur. Aðeins fyrir vana fjallamenn. Gist í skálum. Fararstjórar: Pétur Ásbjörnsson og Torfi Hjaltason.

Miðvikudagur 28. apríl:
Opið hús — Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson sýna myndir vitt og breytt af landinu. (m. a. frá Skarðatindi, Kerlingu og Eystrahorni).

Um hvítasunnu:
Ferð á Tröllaskaga (milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar) í umsjón Guðjóns Ó. Magnússonar. Nánar skýrt frá ferðinni í næsta hefti blaðsins.

Félagar

Kaupið eintök af eldri tölublöðum
tímarits ÍSALP.
Pau eru til sölu í félagsheimilinu á
Grensásveginum og kosta kr. 15.00
stykkið.

Ritnefnd

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



**Camp
Trails**



MoAc



ajungilak.



**Blacks
of Greenock**

ultimate

Paraboot - Galibier



Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparseit Skáta Reykjavík